

ÖRYGGI Í FERÐAÞJÓNUSTU - MÁLÞING Í GRINDAVÍK 22. MARS

Kæru gestir.

Það gleður mig að vera hér með ykkur í dag að ræða öryggismál í ferðaþjónustu, enda hefur það margþætta verkefni verið mér ofarlega í huga síðustu mánuði.

Samhliða auknum fjölda ferðamanna undanfarin ár og fjölgun alvarlegra slysa sem tengjast ferðaþjónustu, er áriðandi að beina athygli okkar að öryggi þeirra sem ferðast um landið okkar allt árið um kring.

Við hljótum að spyrja okkur, hvernig við, fulltrúar stjórnvalda og ferðaþjónustuaðila, getum náð því sameiginlega markmiði að tryggja öryggi ferðamanna sem sækja Ísland heim. Hvernig við getum gert allt sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir alvarleg slys og dauðsföll, ásamt því að tryggja ánægjulega upplifun ferðamanna – en í því felst, meðal annars, að ferðamenn upplifi ekki ótta að óþörfu á ferð sinni um landið.

Eins og fram kemur í *Framtíðarsýn og leiðarljósi Íslenskrar ferðaþjónustu til ársins 2030* eru skýrar áherslur varðandi m.a. stjórnun áfangastaða, fagmennsku, gæði og öryggi, að ógleymdri einstakri upplifun ferðamanna. En þessi atriði eru meginundirstaða gæða áfangastaða. Það að Ísland sé öruggur áfangastaður eykur einnig samkeppnishæfni landsins, ekki síst á þeim tímum sem við erum að upplifa nú, tímum heimsfaraldurs og stríðsátaka.

Þetta stórbrotla land okkar, þar sem finna má jökla, fjörur, kletta og fossa, dregur að ferðamenn alls staðar að úr heiminum. Ferðamenn sem vilja njóta náttúrunnar og þeirrar afþreyingar og þjónustu sem íslensk ferðaþjónusta býður upp á. Í einhverjum tilfellum sækjast ferðamennirnir eftir að takast á við og sigrast á krefjandi aðstæðum, jafnvel í vondu veðri sem þeir hafa aldrei upplifað áður. Við kynnum og markaðssetjum land og þjóð sem eftirsóknarverðan áfangastað sem það svo sannarlega er, enda full innistæða fyrir því að vera stolt af landinu okkar, menningunni og fólkinu sem hér býr.

En slík landkynning með þeirri áherslu að leitast við að “dreifa” ferðamönnum um allt land, árið um kring, er ábyrgðarhluti, rétt eins og móttaka og þjónusta við ferðamenn.

Við viljum að ferðamenn sem leggja leið sína hingað upplifi sig örugga og að þeir snúi heilu og höldnu aftur heim með þá sögu í farteskinu að upplifunin af landinu okkar hafi verið stórkostleg.

Á undanförunum árum hefur mjög gott starf verið unnið í slysavörnum innan ferðaðjónustunnar og hefur það starf skilað miklum árangri og stuðlað að fækkun slysa.

Mikil áhersla hefur verið á uppbyggingu ferðamannastaða – ekki síst með öryggi ferðamanna að leiðarljósi. Það hefur verið gert með stórauðnum framlögum til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og því að beina styrkveitingum sjóðsins í vaxandi mæli að aðgerðum til að bæta öryggi ferðamanna. Þá hefur Landsáætlun um uppbyggingu innviða lagt áherslu á öryggismál.

Ráðuneytið hefur byggt upp farsælt samstarf við Slysavarnarfélagið Landsbjörgu, Samtök ferðaðjónustunnar o.fl. sem rekja má allt til ársins 2006. Samstarfið hefur m.a. snúið að rekstri Hálendisvaktarinnar og frá árinu 2010 að verkefninu „SafeTravel“ sem rekið er af Landsbjörgu.

Safetravel verkefnið hefur lyft grettistaki í upplýsingaveitu til ferðamanna í þeim tilgangi að draga úr áhættusamri hegðun og auka slysavarnir ásamt því að tryggja örugg og þægileg ferðalög. Hér má m.a. nefna upplýsingaskjái víðsvegar um land.

Svo má nefna Vakann sem hefur það að markmiði að efla gæði, öryggi og umhverfisvitund í ferðaðjónustu ásamt því að byggja upp samfélagslega ábyrgð ferðaðjónustufyrirtækja.

Þá er rétt að vekja athygli á þeirri vinnu sem hefur verið unnin í tengslum við öryggisáætlanir ferðaðjónustufyrirtækja, sem og af hálfu fyrirtækja innan ferðaðjónustunnar.

Forvarnarstarf Samgöngustofu hefur eflst á undanförunum árum, sem og miðlun upplýsinga frá Veðurstofu og Vegagerð, að ógleymdu ómetanlegu starfi Almannavarna og lögreglu.

Árið 2017 hófst verkefni sem unnið var á vettvangi Stjórnstöðvar ferðamála sem fól meðal annars í sér að leggja fram tillögur um brýn forgangsverkefni í ferðaþjónustu. Eitt þessara verkefna var þróun og hönnun ölduspár- og viðvörðunarkerfis í Reynisfjöru sem fólst í að finna við hvaða aðstæður brim og öldugangur getur skapað almenningi hættu.

Árið 2020 var svo ráðist í gerð áhættumats við fjöruna en það fól m.a. í sér skilgreiningar á verkferlum vegna tíðra slysa á svæðinu. Í kjölfarið var settur á fót verkefnishópur sem hafði það hlutverk að kanna hvort og hvaða heimildir væru til staðar fyrir yfirvöld á grundvelli almannavarnarlaga til að bregðast við og lágmarka hættu á manntjóni og slysum í fjörunni, m.a. með tímabundinni lokun. Áframhald þess verkefnis tafðist vegna COVID – 19 faraldursins en það má segja að því hafi verið beint í nýjan farveg eins og ég kem betur að á eftir.

Þá er ekki hægt að láta hjá líða að minnast á samstillt átak allra sem komu að því að tryggja og vakta aðgengi að eldgosinu í Geldingadölum en það var eitt stærsta öryggismál ferðaþjónustunnar meðan það varði.

Og svona mætti halda áfram ... en betur má ef duga skal. Eitt af mínum fyrstu verkefnum sem ferðamála-, viðskipta- og menningarmálaráðherra var að setja af stað vinnu í samvinnu við dómsmálaráðherra, þar sem helstu hagaðilar taka saman höndum um úrbætur í öryggismálum á ferðamannastöðum. Skipuð var verkefnisstjórn með fulltrúum frá menningar- og viðskiptaráðuneytinu, dómsmálaráðuneytinu, Ferðamálastofu, Ríkislögreglustjóra, Samtökum ferðaþjónustunnar og Slysavarnafélaginu Landsbjörg, til að móta þær tillögur nánar og er niðurstöðu að vænta á næstu vikum.

Þó mikið og gott starf hafi verið unnið er mikilvægt að vinna áfram að því að samræma aðgerðir ríkisins, sveitarfélaganna og ferðaþjónustunnar enda eru öryggismálin ekki einkamál ríkisins heldur samstillt átak allra.

Það er von mín að við getum átt gott samtal hér í dag og gengið áfram veginn með öryggi, vellíðan og einstaka upplifun gesta okkar að leiðarljósi auk þess sem við gætum þess sama gagnvart þeim löndum okkar sem iðulega leggja líf og limi í hættu til að tryggja öryggi annarra.